



Fávitar og fjölbreytileikinn



Höfundur: Sólborg
Guðbrandsdóttir
Sögur útgáfa, 2022
ISBN: 978-9935-31-158-0

Bókin *Fávitar og fjölbreytileikinn* er þriðja bókin í fræðslubókaröðinni *Fávitar*. Hún fjallar um hinar ýmsu hliðar hinseginleikans og er ætlað að fræða alla aldurshópa um fjölbreytileika samfélagsins. Á bókarkápu segir meðal annars:

„Er heimurinn að breytast það hratt að þú nærð ekki að fylgjast með?“ „Hver eru þessi „hán“ sem allir eru að tala um og hvað má ég eiginlega segja í dag?“

Segja má að þessar spurningar varpi ljósi á inntak bókarinnar, sem er að hjálpa lesandanum að tileinka sér breyttan veruleika frá því þegar almennt voru skilgreind bara tvö kyn til þess sem er í dag, að við erum alls konar, ásamt því að tekið er á því hvaða orðfæri er notað í þessu nýja samhengi.

Bókin skiptist í þrettán kafla auk inngangs og þakkarorða í lokin. Í fyrsta kafla eru hugtök skilgreind og þar má finna mörg ný hugtök, eins og eikynhneigð, fjölkær, flæðigerva, kvár og stálp auk annarra orða sem eru orðin kunnuglegri sökum umfjöllunar um þau, eins og orðin hinsegin, intersex og trans kona eða trans karl, svo dæmi séu tekin.

Um hinseginleikann segir í öðrum kafla að hinsegin sé regnhlífahugtak yfir fólk með kynhneigð, kynvitund, kyneinkenni og kyntjáningu sem ekki fellur að þeim viðmiðum sem ríkjandi eru í samfélaginu. Þau sem eru hinsegin eru til dæmis trans, intersex, kynsegin, samkynhneigð, tvíkynhneigð, eikynhneigð eða pan-kynhneigð. Þá er í kaflanum leitast við að svara hvar þetta fólk er að finna, hvernig það er og hvers vegna. Þar segir til dæmis í umfjöllun um spurninguna að vera hinsegin að fólk fæðist hinsegin. Það sé ekki eitt-

hvað sem það kýs. Fólk getur enn fremur uppgötvað á ólíkum tímabilum lífs síns að það sé hinsegin.

Í næstu þremur köflum er umfjöllun um kynhneigðir, trans og intersex og þessi hugtök skilgreind. Til þess að gefa mynd af umfjölluninni er hér skilgreining höfundar á orðinu kynhneigð.

Kynhneigð þín segir til um það hvers konar fólk þú laðast að, verður skotið í eða ástfangið af. Kynhneigð þín getur líka sagt til um það hvort þú laðast að öðru fólk yfir höfuð og þá hvað það felur í sér, til dæmis hvort það er tilfinningalega, kynferðislega eða hvort tveggja (bls. 29).

Í kaflanum um að koma út úr skápnum hefur höfundur bókarinnar fengið Aldísi Þorbjörgu Ólafsdóttur, sálfræðing og kynlífsráðgjafa, til að svara nokkrum spurningum um þetta efni. Því næst taka við kaflar um aðstandendur hinsegin fólks, fordóma í garð hinsegin fólks og kaflar sem samanstendur af innsendum spurningum um kynlíf og svörum við þeim. Kaflar um gleðigönguna og hinsegin félagsmiðstöð Samtakanna 78 reka svo lestina.

Auk umfjöllunar höfundar eru í hverjum kafla skrif eða stuttar tilvitnanir í svokallaða fylgjendur Fávita og lengri tilvitnanir eða skrif þekktra einstaklinga, svo sem forseta Íslands og fólks sem er þekkt fyrir baráttu sína innan hinseginssamfélagsins, sem og forsvarsfólks hinna ýmsu félaga eða stofnana sem tengjast hinsegin samfélaginu.

Bókin er afar skrautleg, í fjölbreyttum litum, skreytt skemmtilegum myndum og í heild fallega hönnuð, sem gerir hana enn skemmtilegri aflestrar.

Öll umræða um hinsegin er mikilvæg til að breyta gildandi viðmiðum, eða eins og höfundur bókarinnar segir á einum stað: þá ætti normið bara að vera það að við erum öll alls konar.

Það er mikilvægt að fagfólk sem kemur að málefnum margs konar jaðarhópa og notenda opinberrar þjónustu hafi vald á tungutaki hinsegin samfélagsins og tileinki sér þá notkun þegar það á við. Þar gegnir bókin *Fávitar og fjölbreytileikinn* mikilvægu hlutverki sem uppflettirit hinsegin hugtaka og skilgreininga á þeim.

Eldey Huld Jónsdóttir



Hinsegin

Eftirfarandi skilgreiningu á hinsegin má finna í bókinni *Fávitar og fjölbreytileikinn* eftir Sólveigu Guðbrandsdóttur:

Það að vera hinsegin er að vera nákvæmlega eins og maður er.

Samtökin 78 halda úti heimasíðunni Hinsegin frá Ö til A <https://otila.is/> Þar er fjallað um margt sem tengist hinsegin samfélaginu, þar á meðal: hugtök, viðhorf eins og norm, fordóma og jaðarsetningu, og hinsegin samfélagið. Eftirfarandi upplýsingar eða samantekt má finna á síðunni Hinsegin frá Ö til A.

Hugtakið hinsegin

Hinsegin hugtakið hefur margvíslega merkingu og má líta á sem regnhlífarhugtak yfir allt það fólk sem er ekki gagnkynhneigt og/eða fellur ekki undir það sem telst vera hefðbundið kyn eða kynhlutverk. Meginhugtökin sem fjallað er um undir þessari regnhlíf eru *kynhneigð*, *kynvitund* og *kyntjáning* og *kyneinkenni*.

Kynhneigð

Með kynhneigð er átt við hverjum fólki getur laðast að, orðið skotið í eða ástfangið af. Margir hafa fastmótaða kynhneigð allt frá því að hún er fyrst uppgötvuð hjá einstaklingnum. En kynhneigð getur tekið breytingum hjá sumu fólki og fer það meðal annars eftir æviskeiðum, lífshlaupi og aðstæðum. Algengustu hugtökin sem notuð eru yfir kynhneigð eru gagnkynhneigð, samkynhneigð og tvíkynhneigð. En eins og sjá má á *Hinsegin frá Ö til A* eru hugtökin mun fleiri, svo sem pankynhneigð, einkynhneigð, eikynhneigð, sveigjanleg kynhneigð og fleira, en hvert hugtak er skilgreint sérstaklega á heimasíðunni.

Kynvitund og kyntjáning

Kynvitund felur í sér hvernig við upplifum kyn okkar og hvernig við viljum vera í okkar kyni. Hugtakið vísar ekki til kynfæra, líffræðilegra þátta eða útlits heldur upplifunar fólks af eigin kyni. Kynvitund er margs konar. Sumt fólk upplifir sig sem karla, annað fólk sem konur, en það fellur undir það norm sem hefur verið við lýði og kallast kynjatvíhyggja. En sumt annað fólk upplifir sig sem blöndu af hvoru tveggja, karli og konu, og eru þá kynsegin (non binary). Kynvitundin getur

því verið alls konar og enn annað fólk upplifir sig sem hvorki konu né karl.

Trans nær yfir fólk sem er með kynvitund sem samræmist ekki því kyni sem því var úthlutað við fæðingu.

Trans fólk– skilgreining

Trans konur fengu karlkyni úthlutað við fæðingu en upplifa sig sem konur.

Trans karlar fengu kvenkyni úthlutað við fæðingu en upplifa sig sem karla.

Skil á milli kynvitundar og kyntjáningar eru ekki alltaf skýr en kynverund er veigamikill hluti sjálfsmyndar einstaklingsins. Vísar hún til upplifunar af því að vera kynvera og er samspil kyns, kyngervis, kyneinkenna, kynhneigðar og kynvitundar.

Kyntjáning er það hvernig fólk tjáir kynvitund sína dagsdaglega, til dæmis með klæðaburði eða líkams-tjáningu.

Kyneinkenni

Kyneinkenni vísa til líffærafræðilegra sérkenna manneskju, svo sem litninga, kynkirtla, kynfæra, hormóna og líkamseinkenna, sem koma fram við kynþroska hennar. Fólk sem er með ódæmigerð kyneinkenni er intersex. Intersex breytileiki getur birst við fæðingu, þannig að einkenni eru ekki algjörlega karl- eða kvenkyns, eða þau geta birst við kynþroska eða síðar.

Greint er á milli líffræðilegs kyns, sem við nefnum jafnan kyn, og kyngervis sem er hið félagslega mótaða kyn. Mótun þessi tekur meðal annars til þeirra væntinga sem samfélagið gerir til karla og kvenna, svo sem til þeirra verksviða sem hvort kyn um sig er talið eiga að tileinka sér eða hvaða áhugamál eða klæðaburður er talinn við hæfi. Almenn er orðið kyn notað í íslensku yfir bæði líffræðilegt kyn og félagslega mótað kyn.

Kyn og íslensk tunga

Fallbeyging persónufornafna:

Hann, hann, honum, hans

Hún, hana, henni, hennar

Hán, hán, háni, hás

Hýryrði:

kona, karl, kvár

stelpa, strákur, stálp

Endingar eftirnafna:

dóttir, sonur, bur.

Eldey Huld Jónsdóttir